

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014, Hlíðarendi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. júní 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014, frá 4. janúar 2005.

Breytingin felst í því að 40 ha svæði í landi Hlíðarenda sem skilgreint er sem opið svæði til sérstakra nota (O4) og landbúnaðarsvæði breytist í iðnaðarsvæði.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 14. júní 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 5. júlí 2007